

SAMÞYKKT

um meðhöndlun úrgangs í Fjarðabyggð.

1. gr.

Markmið.

Markmið þessarar samþykktar er:

Að meðhöndlun úrgangs í Fjarðabyggð valdi sem minnstum óæskilegum áhrifum á umhverfið.

Að lágmarka kostnað samfélagsins við meðhöndlun úrgangs.

Að lágmarka það úrgangsmagn sem fer til förgunar og stuðla að endurnotkun og endurnýtingu.

Að leiðarljós við ákvörðun um gjalddöku vegna meðhöndlunar úrgangs sé með þeim hætti að sá sem veldur úrgangsmýndun borgi fyrir hann.

2. gr.

Gildissvið.

Meðhöndlun úrgangs í Fjarðabyggð skal vera samkvæmt ákvæðum samþykktar þessarar, laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, laga um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, og reglugerðar um meðhöndlun úrgangs nr. 803/2023.

Meðhöndlun úrgangs felur í sér söfnun, geymslu, böggun, flokkun, flutning, endurnýtingu, pökkun og förgun úrgangs, þ.m.t. eftirlit með slíkri starfsemi og umsjón með urðunarstöðum eftir að þeim hefur verið lokað.

3. gr.

Umsjón og eftirlit.

Fjarðabyggð fyrir hönd bæjarstjórnar ber ábyrgð á úrgangsmálum Fjarðabyggðar og samskiptum við þá aðila sem þeim viðfangsefnum tengjast. Bæjarstjórn er heimilt að fela öðrum framkvæmd söfnunar, rekstur söfnunar- og móttökustöðva og flokkun og förgun úrgangs. Hver sá sem tekur verkefnin að sér skal hafa starfsleyfi frá heilbrigðisnefnd Austurlands eða Umhverfis- og orkustofnun eftir því sem við á.

Fjarðabyggð, í samráði við heilbrigðisnefnd Austurlands og framkvæmdaraðila/verktaka, ber ábyrgð á að íbúar fái fræðslu um flokkun og aðra meðferð úrgangs, móttöku hans og förgun. Heilbrigðisnefnd Austurlands hefur eftirlit með að farið sé að samþykkt þessari.

4. gr.

Skilgreiningar.

Tviskipt tunna/blandaður og lífúrgangur frá heimilum: Ílát merkt til sérsöfnunar á blönduðum og lífúrgangi frá heimilum. Sveitarfélagið auglýsir sérstaklega hvað má fara í tviskiptu tunnuna inn á vefsíðu sveitarfélagsins.

Endurvinnslutunna/pappi/pappír: Ílát merkt til söfnunar á pappa og pappír. Sveitarfélagið auglýsir sérstaklega hvaða úrgangur má fara í pappírstunnu.

Endurvinnslutunna/plast: Ílát merkt til söfnunar á plasti og plastumbúðum. Sveitarfélagið auglýsir sérstaklega hvaða úrgangur má fara í plasttunnu.

Grenndarstöð: Ómannaður staður í nærumhverfi íbúa þar sem eru ílát undir flokkaðan úrgang til endurnýtingar, svo sem pappa, pappír, plast, gler, málma og textíl. Í Fjarðabyggð eru slíkar stöðvar fyrir pappa/pappír, plast, málma, gler og textíl.

Grunnsett af tunnum: Samsetning þriggja 240 lítra íláta sem öll heimili skulu hafa:

- a. Tvískipt tunna fyrir óflokkaðan blandaðan úrgang og lífúrgang.
- b. Tunna fyrir pappír og bylgjupappa.
- c. Tunna fyrir plastumbúðir.

Valkvætt sett af tunnum: Samsetning þriggja 240 lítra íláta ásamt einu 140 lítra íláti sem heimili geta kosið að hafa:

- a. Tunna fyrir pappír og bylgjupappa.
- b. Tunna fyrir plastumbúðir.
- c. Tunna fyrir óflokkaðan blandaðan úrgang.
- d. Tunna fyrir sérsafnaðan lífúrgang (140 lítrar).

Heimilisúrgangur: Úrgangur sem flokkast sem:

- a. Blandaður úrgangur frá heimilum og úrgangur frá heimilum sem er sérstaklega safnað, þ.m.t. pappír og pappi, gler, málmar, plast, lífúrgangur, timbur, textíll, umbúðir, raf- og rafeindatækjaúrgangur, notaðar rafhlöður og rafgeymar og rúmfrekur úrgangur, þ.m.t. dýnur og húsgögn.
- b. Blandaður úrgangur af öðrum uppruna og úrgangur af öðrum uppruna sem er sérstaklega safnað og er svipaður að eðli og samsetningu úrgangi frá heimilum.

Rekstrarúrgangur: Úrgangur frá framleiðslu, þjónustu, verslun og öðrum rekstri, annar en heimilisúrgangur.

Sorpílát í dreifbýli: Í dreifbýli er heimilt í samráði við heilbrigðisnefnd Austurlands að setja upp sorpílát í alfaraleið í stað þess að sækja heimilisúrgang á hvert heimili. Staðsetning sorpíláts skal vera þannig að aðgengi að því sé gott. Í íláti má eingöngu setja heimilisúrgang.

5. gr.

Söfnun og flokkun á úrgangi.

Einstaklingum og lögaðilum er skylt að flokka heimilis- og rekstrarúrgang og nota þær aðferðir og ílát við geymslu og meðferð heimilisúrgangs sem samþykkt þessi kveður á um. Fjórum flokkum er safnað við heimili og öðrum flokkum á grenndarstöðvum og söfnunar- og móttökustöðvum sveitarfélagsins. Heimilt er að sækja um breytingu á samsetningu á tunnusetti við heimili inni á heimasíðu Fjarðabyggðar samkvæmt skilgreiningum í gjaldskrá um meðhöndlun úrgangs.

Við fjölbýli eru ílátin stakar tunnur eða kör. Lög um fjöleignarhús gilda við ákvarðanir húsfélaga um fyrirkomulag á sorpílátum til söfnunar. Þau gjöld sem greidd eru fyrir sorphirðuna fara eftir fjölda og tegundum tunna. Hússtjórn þarf að óska eftir breytingum sem hafa áhrif á gjöld fyrir meðhöndlun úrgangs. Hægt er að sækja um að vera með aukaílát.

Söfnun úrgangs í Fjarðabyggð fer fram í samræmi við útgefið sorphirðudagatal sem er aðgengilegt á heimasíðu sveitarfélagsins.

Grenndarstöðvar eru hluti af sorphirðu heimila og taka við flokkuðum úrgangi til endurnýtingar og endurvinnslu. Grenndarstöðvarnar eru staðsettar fyrir utan girðingu á söfnunar- og móttökustöðvum. Óheimilt er að losa annan úrgang á grenndarstöð en þá flokka sem tilgreindir eru með merkingum á hverri grenndarstöð.

Annan úrgang sem til fellur á heimilum eins og raftæki, spilliefni, skilagjaldsskyldar umbúðir, rúmfrekan garðaúrgang, jarðvegsefni, rúmfreka málma eða annan grófan úrgang skal fara með á söfnunar- og móttökustöð eða á viðurkennda losunarstaði.

6. gr.

Flokkun úrgangs.

Úrgang sem fellur til skal flokka þannig að unnt sé að endurnýta, endurnota og endurvinna sem mest og lágmarka magn úrgangs sem fer til urðunar.

Í sorpílát fyrir heimilisúrgang má aðeins setja þann úrgang sem fellur daglega til við venjulegt heimilishald, í samræmi við nánari fyrirmæli sem kunna að verða sett um flokkun úrgangs. Óheimilt er að láta rúmfrekan garðaúrgang, jarðvegsefni og brotajárn í sorpílát og gáma. Jarðvegsefnum, þ.m.t. grjóti eða múrbroti, skal komið á sérmerкта losunarstaði. Spilliefnum, lyfjum og öðrum hættulegum úrgangi skal skilað á viðurkennda móttökustaði.

Timbur, brotamálm, rafmagns- og rafeindatæki og annan grófan úrgang er óheimilt að setja í sorpílát fyrir blandaðan heimilisúrgang. Slíkum úrgangi skal skilað til söfnunar- og móttökustöðva eða til brotamálmsfyrirtækja sem hafa starfsleyfi til móttöku á brotamálmi.

Glerbrotum og öðrum oddhvössum hlutum, sem hætta er á að skaði þá sem meðhöndla úrgang eða sorpílát, skal pakkað inn eða gengið frá þeim á annan tryggilegan hátt. Æskilegt er að þeim sé skilað inn til söfnunar- og móttökustöðva.

7. gr.

Rekstrarúrgangur.

Fyrirtæki og stofnanir skulu sjálf sjá um að koma rekstrarúrgangi sínum í viðeigandi meðhöndlun. Þeim er skylt að flokka úrgang sem til fellur vegna starfseminnar í samræmi við samþykkt þessa. Frágangur og umgengni um sorpílát, svo og flutningur á úrgangi frá fyrirtækjum skal vera í samræmi við fyrirmæli heilbrigðisnefndar og skv. reglugerð um meðhöndlun úrgangs nr. 803/2023. Staðsetning sorpgáma vegna rekstrarúrgangs skal vera í samræmi við ákvarðanir bæjarstjórnar þar um eða ákvæði deiliskipulags.

8. gr.

Sorpgeymslur og ílát.

Fasteignaeigendur í Fjarðabyggð þurfa sjálfir að útvega sér sorpílát. Ílátin eru eign og á ábyrgð fasteignaeiganda og gerð þeirra skal vera samþykkt af skipulags- og framkvæmdanefnd Fjarðabyggðar, sbr. leiðbeiningar þar um sem nálgast má á heimasíðu sveitarfélagsins. Ílátum skal komið fyrir í sorpskýli eða þau fest tryggilega. Gæta ber þess að auðvelt sé fyrir sorphirðustarfsfólk að losa ílátin úr festingum. Ílátin skulu staðsett saman sem næst lóðarmörkum. Geymslur fyrir heimilisúrgang skulu vera aðgengilegar á hreinsunardögum sem tilteknið eru á sorphirðudagatölum. Húsráðendur skulu halda ílátum hreinum og í góðu ástandi. Ekki er skylt að hirta úrgang sem ekki er í viðurkenndum sorpílátum.

Húsráðendur skulu hreinsa snjó frá ílátum eins og þörf krefur og halda greiðfærri leið að þeim.

Sorpgeymslu má eingöngu nota til geymslu úrgangs. Sorpgeymslur skulu vera á jarðhæð og standa sem næst aðkomu að lóð. Halda skal greiðfærri leið að sorpgeymslum og hreinsa burtu snjó að vetri til.

Sorpílát skulu jafnan standa lokuð og ekki fyllt meira en svo að auðveldlega megi loka þeim. Sé ekki farið að reglum um frágang úrgangs, umgengni við sorpgeymslur og -gerði eða flokkun úrgangs skal þjónustuverktaki skilja úrgang í ílátum eftir, merkja viðkomandi ílát og tilkynna til Fjarðabyggðar.

Begar hundur er tjóðraður á lóð eða laus á lóð innan hundheldrar girðingar skal tryggja að komast megi óhindrað að sorpílátum til losunar.

Að öðru leyti er vísað til byggingarreglugerðar nr. 112/2012 og reglugerðar um meðhöndlun úrgangs nr. 803/2023.

9. gr.

Söfnunar- og móttökustöðvar.

Allan úrgang sem ekki er heimilt að setja í ílát fyrir óendurnýtanlegan heimilísúrgang eða endurvinnslutunnu skal flytja til söfnunar- og móttökustöðvar. Þetta gildir um úrgang frá heimilum og lögaðilum. Í þéttbýliskjörnum eru söfnunar- og móttökustöðvar fyrir flokkaðan úrgang. Á söfnunar- og móttökustöðvum skal tekið á móti flokkuðum úrgangi frá heimilum og minni fyrirtækjum samkvæmt gjaldskrá rekstraraðila stöðvanna hverju sinni.

Móttökustöð Fjarðabyggðar er á Reyðarfirði og þar skal tekið á móti flokkuðum úrgangi frá heimilum og fyrirtækjum samkvæmt gjaldskrá rekstraraðila stöðvarinnar hverju sinni.

Óheimilt er að losa annan úrgang á söfnunar- og móttökustöðvum en þá flokka sem tilgreindir eru með merkingum á hverri stöð.

Garðaúrgangi og jarðvegsefni, þ.m.t. grjóti og múrbroti, skal komið á sérmerktan losunarstað.

10. gr.

Umgengni á almannafæri.

Óheimilt er að skilja garðaúrgang og annan úrgang eftir á víðavangi, götum, gangstéttum eða opnum svæðum í Fjarðabyggð. Tæki og hluti sem ekki eru í almennri eða stöðugri notkun skal geyma þannig að nágrannar og vegfarendur hafi ekki ama af. Bifreiðar og önnur skráningarskyld ökutæki skulu geymd á þar til gerðum stæðum. Óheimilt er að geyma skráningarskyld ökutæki, kerrur, vinnuvélar, báta eða aðra hluti án skráningarmerkja á almennum bifreiðastæðum, á götum eða á almannafæri.

11. gr.

Gjaldtaka.

Fjarðabyggð innheimtir gjald fyrir förgun úrgangs á urðunarstað í samræmi við ákvæði 1 mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Þá er sveitarfélaginu heimilt að innheimta sorphirðugjald fyrir alla aðra meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi í samræmi við 2. mgr. 23. gr. laganna.

Gjöldin skulu ákvörðuð og innheimt samkvæmt gjaldskrá sem sett er samkvæmt ákvæðum 23. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, sbr. einnig 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Sveitarfélagið skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda. Í gjaldskránni skal vísa til þessarar samþykktar.

Gjöld fyrir förgun og hirðu á blönduðum og flokkuðum úrgangi innheimtast með fasteignagjöldum og á sömu gjalddögum.

12. gr.

Viðurlög.

Með brot á samþykkt þessari skal farið skv. ákvæðum XIX. kafla laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, og 68. gr. laga um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003.

13. gr.

Gildistaka.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 8. gr. laga um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, sbr. ákvæði 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998. Samþykktin tekur gildi 1. janúar 2026. Um leið fellur úr gildi samþykkt fyrir sorphirðu í Fjarðabyggð nr. 192/2019.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 17. desember 2025.

F. h. r.

Erla Arnardóttir.

Trausti Ágúst Hermannsson.

B deild - Útgáfudagur: 19. desember 2025